

Fréttabréf

Lífeyrisdeildar Sameykis

1. tbl. 7. árg. febrúar 2025



Fræðslufundur um lífeyrismál

Miðvikudaginn 26. febrúar kl. 13- 15

Grettisgötu 89, 1 hæð.

Fjallað verður um hvernig lífeyriskerfið virkar, helstu breytingar á lífeyrissjóðum opinberra starfsmanna frá árinu 2017 og skerðing á framtíðarávinnslu réttinda í A-deildum lífeyrissjóðanna.

Fyrirlesarar: Þórey S. Þórðardóttir frá Landssambandi lífeyrissjóða, Þóra Jónsdóttir frá Brú lífeyrissjóði og LSR lífeyrissjóði.

Nánari dagskrá og skráningu má finna á vef Sameykis undir viðburðir í Lífeyrisdeild.

Vorfagnaður

Miðvikudaginn 9. apríl 2025, kl. 12.00- 15.00

Gullhamrar í Grafarholti, Þjóðhildarstíg 2

Boðað er til vorfagnaðar fyrir félagsfólk Lífeyrisdeildar.

Þar verður boðið upp á steikarhlaðborð með kalkún og lambi ásamt meðlæti.

Súkkulaðifrauð með vanillurjóma og jarðaberjum og kaffi.

Vigdís Hafliðadóttir skemmtir með uppistandi.

Grímur Sigurðsson og Sara Grímsdóttir spila fyrir dansi.

Verð 5.000 kr. á mann

Skráning á vorfagnaðinn er í gegnum rafrænt orlofskerfi félagsins

á vefsíðunni www.sameyki.is eða á skrifstofu Sameykis, s. 525-8330

Félagsfólk má bjóða einum gesti með sér.

Síðasti dagur til að skrá sig er sunnudagurinn 6.apríl

Aðalfundur Lífeyrisdeildar Sameykis

Þriðjudaginn 29. apríl kl. 13

að Grettisgötu 89, 1. hæð.

Jón Björnsson sálfræðingur flytur erindi.

Dagskrá aðalfundar samkvæmt starfsreglum deildarinnar.

- Stjórn deildarinnar gefur skýrslu um starfsemina á síðastliðnu ári.
- Lagðir fram til samþykktar endurskoðaðir reikningar deildarinnar fyrir síðastliðið ár.
- Gerð grein fyrir störfum og reikningum símenntunarsjóðs.
- Tekin ákvörðun um tillögur til breytinga á starfsreglum deildarinnar.
- Kosið í stjórn á oddaári:
 - Kosning formanns.
 - Kosning sex meðstjórnenda.
- Kosnir tveir skoðunarmenn félagsreikninga.
- Önnur mál.

Sumarferð lífeyrisdeildar

Boðið verður upp á þrjár ferðir í sumar um Suðurnesin undir leiðsögn Harðar Gíslasonar.

Hægt verður að velja á milli 3ja dagsetninga, fimmtudaginn 19. júní, þriðjudaginn 24. júní og fimmtudaginn 26. júní.

Við köllum þessa ferð Eldsumbrot og herseta.

Í upphafi ferðar er áformað að aka stutta skoðunarferð um Grindavík ef aðstæður á þeim tíma leyfa, en nú hefur sprungusvæði verið markað af með girðingu. Farið verður um svæðið þar sem Varnarliðið hafði aðsetur og búnað sinn. Meginefni ferðarinnar er að segja sögur frá komu og dvöl hers á Miðnesheiði. Sagt frá uppbyggingu mannvirkja og búnaðar, sumt horfið í tímans djúp, önnur standa enn og hafa hlutverk. Að því loknu verður ekinn hringur um Miðnes með viðkomu á Hvalsnesi, Sandgerði og Garði. Boðið verður upp á léttann hádegisverð og kvöldmat á leið okkar.

Félagsfólk má bjóða með sér einum gesti. Verð er 8.000 kr. á mann með öllu inniföldu. Miðasala í ferðir hefst 1. apríl og verður í gegnum [Orlofshúsavef Sameykis](#).


Símenntunarsjóður Lífeyrisdeildar

Félagar í Lífeyrisdeild Sameykis hafa aðgang að sérstökum símenntunarsjóði. Hægt er að sækja um styrki vegna námskeiða og fræðslu.

Greiddir eru styrkir úr sjóðnum tvisvar á ári, 15. maí og 15. nóvember. Frestur til að senda inn umsóknir í vor er 10. maí.

Félagsfólk getur fengið að hámarki 32.000 kr. styrk yfir almanaksárið samkvæmt framlögðum gildum kvittunum. Greiðslur geta þó orðið lægri ef umsóknir eru margar. Ekki er greitt fyrir námskeið meira en ár aftur í tímann. Hægt er að sækja um rafrænt á vef Sameykis www.sameyki.is

Öllum umsóknum verður að fylgja gild kvittun með kennitölu félagsmanns og fræðsluaðila.



Orlofshús og orlofstilboð

Félagar í Lífeyrisdeild geta sótt um orlofshús í sumar, fyrir utan 7 vikna tímabili yfir hásumarið þegar flestir sem eru í starfi sækjast eftir orlofshúsum og leik- og grunnskólar eru lokaðir. Þetta verður á tímabilinu 20. júní – 8. ágúst 2025. Ef það eru laus hús eftir að úthlutun lýkur hefur fólk í Lífeyrisdeild sama rétt og annað félagsfólk til þess að bóka orlofshús. Önnur tímabil standa félögum í Lífeyrisdeild Sameykis opin.

Á orlofsvef Sameykis er einnig hægt að kaupa gjafabréf í flug, ferðaávisanir, veiðikort og fleira. Hvetjum ykkur til þess að skoða það á orlofsvef Sameykis.

Skráning í Lífeyrisdeild

Athugið að nauðsynlegt er að skrá sig í lífeyrisdeildina þegar fólk hættir störfum. Það gerist ekki sjálfkrafa. Hægt er að skrá sig á vefsíðu félagsins undir Lífeyrisdeild <https://www.sameyki.is/um-sameyki/lifeyrisdeild/lifeyrisdeild-skraning/> Láttu endilega vini og félaga sem eiga rétt á aðild vita, ef þeir hafa ekki skráð sig



Fréttabréf Lífeyrisdeildar Sameykis stéttarfélags í almannajónustu

Áb.maður: Jakobína Þórðardóttir- Umsjón: Ingibjörg Óskarsdótti

Útgefandi: Sameyki stéttarfélag í almannajónustu

Grettisgötu 89 - 105 Reykjavík 5258330 - sameyki@sameyki.is

Ertu ekki örugglega vinur Sameykis á facebook?

